

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 15. apríl 2008 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Þriggja ára áætlun 2009-2011

Fyrir fundinum lá þriggja ára áætlun sveitarsjóðs og stofnana 2009-2011. Áætlunin byggir á föstu verðlagi og ekki gert ráð fyrir breytingum á rekstri að öðru leyti en því sem leiðir af fjárfestingum.

Umræður urðu um áætlunina, forsendur hennar og rekstur sveitarfélagsins almennt. Þriggja ára áætlun var samþykkt.

2. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, áætlun 2008.

Fyrir fundinum lá áætlun um úthlutanir framlaga jöfnunarsjóðs á árinu 2008 ásamt samanburði sem sveitarstjóri hafði gert á áætlunum sveitarfélagsins og þeirri áætlun sem lá fyrir fundinum.

Málið var til kynningar.

3. Staða atvinnuráðgjafa.

Fyrir var tekið hvort ráðningartími verkefnisstjóra í atvinnu- og markaðsmálum verði framlengdur. Samþykkt að framlengja starfstímann til 31.12.08.

4. Verkefnið „Húsin okkar“

Drög að samningi við Menningarfélagið Spákonuarf ehf lá fyrir fundinum. Í samningnum er gert ráð fyrir að Spákonuurfur taki að sér að safna heimildum um hús sem horfin eru og um eldri hús. Gert er ráð fyrir að safnað verði heimildum um hús sem bygginga, aldur og staðsetningu, íbúa og notkun. Samningsforsendur byggja m.a. á umsókn til Menningarráðs Norðurlands vestra sem styrkir verkefnið. Adolf lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið vegna vensla við samningsaðila. Umræður urðu um málið. Samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga frá samningnum.

5. Gerð sjóvarnar með Fjörubraut

Í ljósi þess að Siglingastofnun hefur að undanfögnu unnið að hönnun sjóvarna við Fjörubraut var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að heimila Siglingastofnun framkvæmd við sjóvörn vestan Fjörubrautar frá Vallarbraut að Óseyri samkvæmt fyrirliggjandi hönnun.

6. Bréf:

- a) Umsjónarmanns Námsstofu dags. 11. apríl 2008.
Með bréfinu er óskað heimildar til kaupa á nýjum fjarfundarbúnaði þar sem eldri búnaður er orðinn ónýtur. Í bréfinu er gerð grein fyrir valmöguleikum og áætluðum kostnaði. Lagt til að keyptur verði búnaður sem kostar um 500 þús. Samþykkt að kaupa búnaðinn.
- b) Skólahreysti, dagsett í mars 2008.
Með bréfinu er gerð grein fyrir verkefninu Skólahreysti og leitað eftir fjárstuðningi við það. Samþykkt að styðja við verkefnið með 30 þús. kr. framlagi.
- c) Áhugahóps um kaup á fallstykki, dags. 11. apríl 2008.
Með bréfinu leitar áhugahópurinn eftir 500 þús. kr. fjárframlagi til kaupa á gamaldags fallbyssu frá Danmörku. Í bréfinu er skýrð nánar hugmyndafræði og tilgangur með kaupum á fallstykkinu og m.a. greint frá hugmyndum um að skotið verði púðurskotum úr byssunni á tyllidögum.
Erindið var samþykkt.
- d) Ágústs Þórs Bragasonar, dags. 25. mars 2008.
Með bréfin segir Ágúst starfi sínu lausu sem stjórnandi umhverfis og tæknimála hjá sveitarfélaginu.
Bréfið var til kynningar en fram kom að Ágústi eru þökkuð vel unnin störf.
- e) Skagastrandardeildar RKÍ, dags. 18. mars 2008.
Deildin óskar eftir að sveitarstjórn veiti styrk
Samþykkt að veita deildinni 110 þús. kr. styrk.
- f) Húsafriðunarnefndar, dags. 18. mars 2008.
Með bréfinu er tilkynnt um að samþykkt hafi verið að veita 1.000.000 kr styrk til endurgerðar á húseigninni Árnesi.
Bréfið var til kynningar.
- g) Landgræðslu ríkisins, dags. 14. mars 2008.
Með bréfinu er greint frá því að unnið sé að gerð héraðsáætlana sem hafa það markmið að leggja mat á núverandi ástand gróðurs og jarðvegs í hverju héraði. Í bréfinu kemur einnig fram að Landgræðslan býður upp á kynningu á þeim hluta áætlunarinnar sem varðar sveitarfélagið og óskað eftir viðbrögðum við því tilboði.
Samþykkt að taka tilboði um kynningu í samráði við nágrannasveitarfélög.

- h) Hugrúnar S. Hallgrímsdóttur og Jóns Ólafs Sigurjónssonar, dags. 4. apríl 2008.
Með bréfinu er bent á þann vanda sem foreldrar ungra barna standa frammi fyrir varðandi atvinnusókn þar sem ekki er mögulegt að fá dagvist fyrir börn fyrr en við 16 mánaða aldur þegar leikskóladvöl er í boði. Afgreiðslu á erindinu var vísað til afgreiðslu fundargerðar fræðslunefndar 14. apríl 2008 þar sem málefnið var tekið til umfjöllunar.
- i) Elina Lehto – Häggroth bæjarstjóra Lohja, dags. 3. apríl 2008.
Bréfið er ritað til að bjóða til vinabæjamóts dagana 7.-10. ágúst 2008 í Lohja í Finnlandi.
Bréfið var til kynningar.

7. Fundargerðir

- a) Fræðslunefndar, 14. apríl 2008.
Í fundargerðinni er m.a. samþykkt tillaga um að frá og með 1. ágúst 2008 gildi sú regla að heimilt sé að innrita 12 mánaða börn í leikskóladvöl.
Fundargerðin var samþykkt.
- b) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 11. mars 2008.
Fundargerðin var samþykkt.
- c) Samráðsfundar fámennra sv.fél. 3. apríl 2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- d) XXII. landsþings Sambands ísl. sv.fél. 7. apríl 2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Stjórnar SSNV, 12. febrúar 2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Stjórnar SSNV, 1. apríl 2008.
Fundargerðin var til kynningar.
- g) Stjórnar Sambands ísl. sv.fél. 28. mars 2008.
Fundargerðin var til kynningar.

8. Önnur mál

Fram var lagt boð á kynningarfund þar sem fjallað verður um sameiginlega framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf 2007 – 2020.

Umræður urðu um ýmis hagsmunamál sveitarfélagsins en ekki gerðar sérstakar ályktanir.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12⁰⁵

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)